

Sunnudaginn 16 júní fór fjallskilanefnd Auðkúluheiðar í gróðurskoðun fram á Auðkúluheiði á bílritara.

Ekið var fram að Seyðisá. Nefndarmönnum finnst gróður kominn allvel á veg á norðurheiðini fram að Sandá en síðri á framheiðini. Eftir viðkomu í Áfanga var ekið um Hrafnarbjargarveg niður í Svínadal að Syðri-Grund til fundar.

Ákveðið var að leifa upprekstur á fé þann 20 júní nk. á norðurheiðina fram að Sandá og viku seinna á framheiðina.

Ákveðið var að leyfa upprekstur hrossa í hrossahólf þann 20 júlí. Fjallskilastjóra var falið að auglýsa þá dagsetningu og taka við pöntunum um fjölda hrossa. Fjallskilastjóra var falið að ræða við hreppsnefnd um endurbætur á sleppihólfi við Kúlukvísl, uppsetningu á beitarhólfi fyrir gangnahross í Áfanga, og styrkingar á girðingu austan Auðkúluréttar vegna réttarstarfa. Einnig var fjallskilastjóra falið að hafa samband við formann Auðkúluheiðar ehf um heflun á Hrafnarbjargarvegi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.